

Frá ritstjórum

Hér gefur að líta sjötta árgang *Íslenska þjóðfélagsins*. Árið 2016 var annasamt. Ingi Rúnar Eðvarðsson lét af störfum sem ritstjóri, en hann hefur staðið vaktina allt síðan fyrsti árgangur tímaritsins kom út árið 2010. Á þessum sex árum hafa yfir 30 greinar birst í tímaritinu og spanna þær mörg af helstu viðfangsefnum ekki aðeins félagsfræðinga heldur einnig íslensks fræðafólks á öðrum sviðum félagsvísinda. Í þessu ljósi stöndum við öll sem berum framgang félagsvísinda hérlendis í brjósti í þakkaraskuld við óeigingjarnt starf Inga Rúnars.

Árið 2016 tóku við ritstjórnarkeflinu tveir félagsfræðingar við Háskóla Íslands, þau Jón Gunnar Bernburg og Thamar Melanie Heijstra. Ákveðið var að auglýsa eftir handritum og var afrakstur þeirra vinnu góður, en okkur bárust alls 15 handrit til umfjöllunar, bæði á íslensku og ensku. Við höfum lagt á það mikla áherslu að öll innsend handrit fái ítarlegar umsagnir frá okkar helstu sérfræðingum. Í nokkrum tilfellum hefur verið leitað til íslensks fræðafólks sem starfar í erlendum háskólum. Umsagnirnar sem okkur hafa borist bera undantekningarlaust vitni um einlægan vilja til þess að hjálpa okkur að tryggja það að sú þekking sem við miðlum hafi fengið faglega gagnrýni. Við höfum fylgt umsögnum eftir í ákvarðanatöku um framgang allra innsendra handrita. Vinnan hefur gengið vel en hún hefur tekið mikinn tíma. Nokkrum innsendum handritum (um 40%) var hafnað alfarið, en oftar hafa höfundar verið beðnir um að endurbæta og lagfæra handrit í ljósi athugasemda umsagnaraðila. Sem sakir standa eru nokkur handrit í þess konar úrvinnslu og vonir standa því til þess að fleiri greinar muni birtast í næsta árgangi en raunin varð í ár. Við erum því bjartsýn á framtíðina, jafnvel þótt aðeins þrjár greinar hafi birst í ritinu á árinu.

Eins og fyrri árgangar *Íslenska þjóðfélagsins* spannar 2016 árgangurinn ólík efnissvið. Greinarnar þrjár bera vitni um fjölbreytileg viðfangsefni íslenskra félagsvísinda, þótt þær byggja allar á eiginlegum viðtölum. Greinin eftir Þóru Christiansen og Erlu S. Kristjánsdóttur, „Veggurinn er alltaf til staðar“, sem er á sviði atvinnulífsfræða, snertir á veigamiklu viðfangsefni í samtímanum, innflytjendamálum. Í viðtölum við háskólamenntaða innflytjendur kemur fram að einstaklingar upplifa oft veika samningsstöðu á íslenskum vinnumarkaði vegna skorts á tengslaneti og félagsauði. Greinin „Atvinna og atvinnustefna hins opinbera“, eftir Sigurbjörgu K. Ásgeirsdóttur og Þorgerði Einarsdóttur, er á sviði kynjafræði og fjallar um ólíka reynslu kynjanna af atvinnulífi í dreifbýli á Íslandi, nánar tiltekið á sunnanverðum Vestfjörðum. Niðurstöður leiða í ljós að karlar hafa bitra reynslu af stórtækum uppbyggingaráformum stjórnvalda í einstökum atvinnugreinum en konur telja sig eiga erfiðara uppdráttar en karlar hvað varðar styrki og stuðning. Loks er grein Huguólfur Hörpu Reynisdóttur og Gunnars Þórs Jóhannessonar, „Það má eitt fjall vera ósnortið fyrir þessum andskotans túristum“, á sviði ferðamálafræði. Sú rannsókn leiðir í ljós ákveðna veikleika í því hvernig umhverfisstjórnun hefur verið háttáð, einkanlega með tilliti til skorts á samráði og þess að tekið sé tillit til náttúruskiðnings og náttúrutengsla heimafólks.

Nýtt og spennandi ár er nú að ganga í garð. Við búumst við því að rannsóknir sem taka á fjölbreyttum viðfangsefnum haldi áfram að berast okkur, en vert er að nefna að okkur hafa nýlega borist tillögur um áhugaverð sérhefti sem gætu orðið góð viðbót við almenna heftið. Við stefnum áfram að því að efnissviðin sem birtast á síðum *Íslenska þjóðfélagsins* spanni

ólík efnissvið félagsvísinda. Jafnframt er það stefna okkar að á síðum tímaritsins birtist í auknum mæli greinar sem styðjast við ólíkar rannsóknaraðferðir, enda liggja styrkleikar félagsvísindanna ekki aðeins í fjölbreyttum viðfangsefnum heldur einnig í flóru aðferðanna.

Ritstjórar ÍÞ,

Jón Gunnar Bernburg

Thamar Melanie Heijstra